

Verkferill vegna farbanns

Málsnúmer:

Sækjandi:

0. Yfirllestur máls

- Eru lagskilyrði uppfyllt
- Fara yfir handtökuskýrslu vegna handtökutíma
- Meta þörfina á farbanni

1. Undirbúningur

- Panta tíma hjá dómara. Ef framlenging þá panta með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara
- Senda tölvupóst á dómara og verjanda: tilkynna um tímasetningu fyrirtöku og óska eftir afstöðu dómara og verjanda til þess hvort þörf sé á að sakborningur mæti, telji sækjandi ekki þörf á því sjálfur – allt að gættum rétti sakbornings til að mæta
- Panta túlk ef þörf er á
- Útbúa kröfu
 - Ath. að ekki gilda sömu reglur um tímalengd farbanns og gæsluvarðahalds, sbr. 2. mgr. 100. gr. sml. og úrskurð Landsréttar nr. 888/2018
 - Gera ráð fyrir 4-6 mánuðum á áfrýjunarfrestinum
- Senda dómara og dómritara kröfuna og málgögn sem fyrst og með minnst sólarhrings fyrirvara ef um framlengingu er að ræða
- Í þeim tilvikum þar sem boðað hefur verið til dómsuppsögu í máli sakbornings þarf að gera ríkissaksóknara viðvart um dómsuppsöguna með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara á saksoknari@saksoknari.is þar sem fram kemur hvenær farbann fellur úr gildi
-

2. Þinghald

- Mæta með undirritaða kröfu og málgögn ef málið er ekki rafrænt ásamt afriti af kröfu fyrir verjanda/sakborning
- Taka fram hver tilkynningaskylda er eftir uppkvaðningu og óska eftir bókun þar um í þingbók
- Yfirfara úrskurð og þingbók eftir uppkvaðningu
- Skilja gögn eftir hjá dómritara til afritunar sé úrskurður kærður á staðnum og málið er ekki rafrænt

3. Frágangur

- Ef um fyrsta farbann er að ræða þarf að gæta þess að allar þær upplýsingar/gögn sem kveðið er á um í 1. gr. reglna RLS um skráningu og miðlun upplýsinga einstaklinga sem sæta farbanni liggi fyrir
- Skrá farbannið í bannlista í nafnaskrá sakbornings í LÖKE
- Skrá úrskurðarorð í athugasemd ásamt tilhögun tilkynningarskyldu.
- Skrá tilkynningarskyldu í nafnaskrá sakbornings í LÖKE
- Vista úrskurð í LÖKE og setja eintak í málgögn
- Í þeim tilvikum sem við á skal upplýsa ríkissaksóknara um niðurstöðu dóms og farbann á saksoknari@saksoknari.is

4. Kæra til Landsréttar

- Hafi úrskurður verið kærður, útbúa greinagerð til Landsréttar
- Vista úrskurð Landsréttar í LÖKE og setja eintak í málgögn